arapróf 1957. Cand. theol. Hásk. Ísl. 1958. Kennari við Vogaskóla í Rvík 1958–60. Sóknarprestur á Hofi í Vopnafirði, N.-Múl., 1960–63, stundaði jafnframt kennslustörf á Vopnafirði. Veitt Hofsósprestakall, Skag., frá 1. júlí 1963. K. 7. júní 1958 *Helga* Jarþrúður, f. 22. febr. 1939, →Jónsdóttir fyrrv. prófasts, nú í Rvík, Péturssonar.

**Óðinn S. Geirdal**, f. 24. apríl 1907 á Húsavík. For.: Steinólfur Eyjólfsson Geirdal söðlasmiður þar, síðar b. og kennari í Grímsey, og k. h. Hólmfríður Petrína Sigurgeirsdóttir ljósmóðir. Gagnfr. Akureyri 1928. Búsettur á Akranesi frá 1932. Verzlunarstjóri 1934–37. Rak eigin verzlun 1938–43; hafði jafnframt á hendi skrifstofustörf frá 1939, en hefur frá 1943 unnið eingöngu að skrifstofustörfum. Skrifstofustjóri og gjaldkeri hjá Rafveitu Akraness frá 1. maí 1959. Í niðurjöfnunarnefnd Akraneskaupstaðar, meðan hún starfaði, alls 20 ár, til 1962. Í barnaverndarnefnd og í áfengisvarnarnefnd frá stofnun hennar 1952. Hefur unnið að íþróttamálum frá 1934 og átt sæti í sambandsráði ÍSÍ frá stofnun þess. Stofnandi Taflfélags Akraness. Hefur verið form. og í stjórn í eftirtöldum félögum: Knattspyrnufél. Kári 17 ár, Leikfél. Akraness, Karlakórnum Svanir, St. Akurblóm nr. 3, Sjálfstæðisfélagi Akraness, Íþróttabandalagi Akraness og stjórn íþróttavallanna. Í stjórn: Ábyrgðar h.f., Bindindisfélags ökumanna, Umdæmisstúku Suðurlands. Þjónustumerki ÍSÍ. Heiðursmerki ÍSÍ 50 ára. Heiðursfélagi Knattspyrnufél. Kári, Akranesi. K. 11. nóv. 1933 Guðrún, f. 28. marz 1911, Jónsdóttir kaupm. á Akranesi Jónssonar.

**Óðinn Rögnvaldsson**, f. 24. okt. 1928 í Rvík. For.: Rögnvaldur Jónsson sjómaður þar og Finnrós Guðmundsdóttir. Próf frá Iðnsk. í Rvík 1949. Hóf prentnám í Víkingsprenti h.f. 1946, sveinspróf 1950. Prentari í Rvík. Verkstjóri í prentsmiðju Tímans frá 1959. Í miðstjórn Alþýðusambands Íslands frá 1960. Varaform. Hins ísl. prentarafélags 1966. Í stjórn FUF í Rvík og í stjórn SUF nokkur ár. Í Fulltrúaráði framsóknarfélaganna í Rvík um árabil. Í útgáfustjórn Dagskrár 1957–58. Í blaðstjórn Tímans frá 1958. Varaborgarfulltrúi í Rvík frá 1966. K. 4. marz 1950 Hulda, f. 29. febr. 1928, →Arnórsdóttir skrifstofustjóra í Rvík Guðmundssonar.

**Ófeigur Eiríksson**, f. 14. ág. 1927 að Breiðargerði í Lýtingsstaðahr., Skag. For.: Eiríkur Einarsson b. þar og á Lýtingsstöðum, síðar afgreiðslumaður á Akureyri, og k. h. Rut Ófeigsdóttir. Stúd. M.A. 1948. Cand. juris Hásk. Ísl. 1953. Fulltrúi bæjarfógeta á Siglufirði 1953–60, oft settur bæjarfógeti þar (samtals tæp 3 ár) í fjarveru skip. bæjarfógeta. Skipaður bæjarfógeti í Neskaupstað í okt. 1960 frá 1. nóv. s. á. og hefur gegnt því embætti síðan. Bæjarfulltrúi á Siglufirði jan. 1958 til 1960, er hann fluttist þaðan. Átti sæti í bæjarráði o. fl. nefndum. Hefur unnið að íþróttamálum. Form. Íþróttabandalags Siglufjarðar 1956–60. Í stjórn Knattspyrnufél. Siglufjarðar og Knattspyrnufél. Akureyrar um árabil. K. 10. júní 1950 Erna, f. 13. júní 1930, Sigmundsdóttir skipstjóra á Siglufirði Einarssonar.

**Ófeigur J. Ófeigsson**, f. 12. maí 1904 á Brunnastöðum á Vatnsleysuströnd, Gullbr. For.: Ófeigur Ófeigsson b. þar og k. h. Jóhanna Guðrún Frímannsdóttir. Stúd. M.R. 1927. Cand. med. Hásk. Ísl. 1933. Framhaldsnám og störf á sjúkrahúsum í Kanada og Bandaríkjunum 1933–37. Margar námsferðir utan síðan. Starfandi læknir í Rvík frá 1937. Jafnframt aðstoðarlæknir á lyflæknisdeild Landsspítalans 1937–40. Alm. lækningaleyfi 13. okt. 1937. Viðurk. sérfræðingur í lyflækningum 30. jan. 1940. Trúnaðarlæknir ameríska sendiráðsins í Rvík frá 1940, brezka sendiráðsins s. st. frá 1949 og norska sendiráðsins s. st. 1945–62. Skólalæknir við barnaskóla í Rvík frá 1952. Kennari við Hjúkrunarkvennask. Íslands 1937–40 og við Húsmæðrakennarask. Íslands frá stofnun hans 1942. Hefur margsinnis frá 1954 dvalizt í Glasgow við rannsóknir á brunasárum og afleiðingum þeirra. Hefur hlotið styrki til brunarannsókna frá British Council, Vísindasjóði og vísindadeild Nato. Félagi í The Alumni Association of the Mayo Foundation for Medical Education and Research, The National Multiple Sclerosis Society og The Alumni Association of the Winnipeg General Hospital. Á sæti í stjórnum Þjóðræknisfélags Íslands, Ísl.-ameríska félagsins (form. þess í nokkur ár), Skógræktarfélags Suðurnesja (stofnandi þess og fyrsti form.) og Dýraverndunarfélags Íslands. Rit: Greinar í tímaritum. Útg.: „Raula ég við rokkinn minn", þulur og þjóðkvæði, Rvík 1945. 1. k. 17. júní 1932 Margrét, f. 6. nóv. 1904, Guðmundsdóttir verkam. í Rvík Guðmundssonar. Skildu.





2. k. 20. nóv. 1940 *Ragnhildur* Ingibjörg, f. 16. júlí 1910, kjördóttir Ásgeirs prófasts í Hvammi í Dölum Ásgeirssonar. Skildu. 3. k. 16. des. 1963 Unnur, f. 1. maí 1915, Sigurðardóttir kaupm. á Stokkseyri Ingimundarsonar.

**Ófeigur Pétursson**, f. 24. júlí 1915 í Ófeigsfirði, Árneshreppi, Strand. For.: →Pétur Guðmundsson b. þar og k. h. Ingibjörg Ketilsdóttir. Próf frá Héraðssk. á Reykjum 1932. Próf frá Verzlunarsk. Íslands 1934. Kaupfélagsstjóri við Kaupfélag Strandamanna í Norðurfirði 1937–42. Skrifstofustjóri hjá síldarverksm. Ingólfur h.f., Ingólfsfirði, 1943–52. Forstöðumaður Ullarþvottastöðvar SÍS á Akureyri frá 1. júlí 1952. Sýslunefndarmaður fyrir Árneshr. og í skattanefnd í sama hreppi um skeið. K. 8. okt. 1936 *Elínborg* Sveinsína, f. 3. febr. 1917, Bjarnadóttir sjómanns í Flatey á Breiðafirði Bjarnasonar.

**Ólafur Andrésson**, f. 26. des. 1909 að Bæ í Kjós. For.: Andrés Ólafsson b. og hreppstjóri þar og síðar á Neðra-Hálsi í sömu sveit og k. h. Ólöf Gestsdóttir. Búfr. Hvanneyri 1935. Bóndi að Sogni í Kjós 1943 og síðan. Í hreppsnefnd Kjósarhr. 1958 og síðan, oddviti frá 1962. Hefur auk þess gegnt stjórnarstörfum í ýmsum félagssamtökum. K. 26. des. 1939 Kristín, f. 17. febr. 1918, Jakobsdóttir b. að Sogni Guðlaugssonar.

**Ólafur Örn Arnarson**, f. 27. júlí 1933 í Vestmannaeyjum. For.: Örn Hauksteinn Matthíasson bókari í Rvík og k. h. Guðrún Ólafsdóttir. Stúd. M.R. 1953. Cand. med. Hásk. Ísl. 1961. Héraðslæknir í Hofsóshéraði 1961–62. Alm. lækningaleyfi 9. nóv. 1963. Við framhaldsnám í Bandaríkjunum frá 1963. K. 20. sept. 1957 Kristín Solveig, f. 21. maí 1933, Jónsdóttir sýslumanns í Borgarnesi Steingrímssonar.

**Ólafur Ingi Árnason**, f. 20. marz 1900 að Hurðarbaki, Villingaholtshr., Árn. For.: Árni Pálsson hreppstjóri þar og k. h. Guðrún Sigurðardóttir. Stundaði sjómennsku og sveitastörf 1920–30. Fluttist til Rvíkur 1926. Starfsmaður Sænsk-ísl. frystihússins 1930–47. Yfirfiskmatsmaður 1947 og síðan. Hefur annazt verklega kennslu á fiskiðnaðarnámskeiðum á vegum sjávarútvegsmálaráðuneytisins frá 1947. K. 13. apríl 1922 Ólöf Jóna, f. 27. júlí 1903, Ólafsdóttir vm. í Mjósundi, Villingaholtshr., Árn., Þorsteinssonar.

**Ólafur Haukur Árnason**, f. 23. okt. 1929 á Siglufirði. For.: Árni Jóhannsson bæjarfógetagjaldkeri þar og f. k. h. Guðrún Erlendsdóttir. Gagnfr. Siglufirði 1945. Stúd. M.A. 1949. Khafnarhásk. (bókmenntasaga o. fl.) 1949–51, cand. phil. 1950. Próf í uppeldisfræði Hásk. Ísl. 1953. Kennari við Miðskólann í Stykkishólmi (jafnframt stundakennari við barna- og iðnsk. þar) 1951–55. Skólastjóri Barna- og Miðsk. í Stykkishólmi og Iðnsk. í Stykkishólmi 1955–59. Forstöðumaður námskeiða templara að Jaðri sumurin 1955–56. Skólastjóri Gagnfræðaskólans á Akranesi frá 1959. Fréttaritari Ríkisútvarpsins í Stykkishólmi 1955–59. Í stjórn Amtsbókasafnsins í Stykkishólmi 1955–59. Í framkvæmdanefnd st. Helgafells í Stykkishólmi frá stofnun 1952 til 1959. Fyrsti form. Barnaverndarfélags Stykkishólms og Norræna fél. í Stykkishólmi. Ritari Rotaryklúbbs Stykkishólms 1957–59. Í áfengisvarnanefnd Akraness frá 1959. Ritstjóri Barnabl. Æskunnar 1956. Í ritstjórn Bæjarpóstsins á Akranesi 1960–61. K. 23. des. 1950 *Björg* Jórunn, f. 25. júní 1928, Friðriksdóttir Hansens kennara á Sauðárkróki.

**Ólafur Árni Ásgeirsson**, f. 4. ág. 1931 í Rvík. For.: →Ásgeir Þ. Ólafsson dýralæknir í Borgarnesi og k. h. Guðrún S. Árnadóttir. Stúd. M.A. 1952. Fyrrihlutapróf í verkfræði frá Technische Hochschule, Darmstadt. Próf í landmælingaverkfræði frá Universität Bonn 1959. Nám í skipulagsfræðum við Institute of Social Studies í Haag 1964. Verkfræðingur hjá skipulagi bæja, kauptúna og sjávarþorpa frá 1959. Jafnframt byggingarfulltrúi í Garðahr. frá 1962. Stofnaði verkfræðistofuna Hnit s.f. í Rvík (ásamt Guðm. M. J. Björnssyni) 1966. K. 12. júlí 1957 Guðrún Sigríður, f. 16. marz 1937, Ottósdóttir skrifstofustjóra í Rvík J. Ólafssonar.

**Ólafur Bjarnason**, f. 10. apríl 1889 á Hofi á Kjalarnesi. For.: Bjarni Sigurðsson b. þar og síðar á Brimilsvöllum, Snæf., og k. h. Vigdís Sigurðardóttir. Bóndi á Brimilsvöllum frá 1916. Stundaði jafnframt útgerð til 1937. Hreppstjóri 1924 og síðan. Sýslunefndarmaður frá 1922. Í hreppsnefnd 1916–28 og 1938–62. Form. sóknarnefndar 1920 og síðan. Umboðsmaður þjóðjarða í Arnarstapa- og Skógarstrandarumboði 1926–50. Lengi fulltrúi á Búnaðarsambandsfundum. K. 11. júlí 1915 Kristólína, f. 4. ág. 1885, d. 29. nóv. 1960, Kristjánsdóttir b. á Haukabrekku í Fróðárhr. Þorsteinssonar.